

## Umsögn Háskóla Íslands um „Reglur um fjárframlög til háskóla“

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur unnið drög að nýjum reglum um fjárframlög til háskóla sem lýsa forsendum og samsetningu fjárframlaga úr ríkissjóði til háskóla á Íslandi (hér á eftir nefnt „reiknilíkan“).

Háskóli Íslands (HÍ) samsvarar um 2/3 hlutum af öllu háskólastiginu hér á landi og er að sama skapi með umfangsmeiri og fjölbreyttari starfsemi en aðrir innlendir háskólar. Í þessu felst m.a. að skoðanir á einstökum atriðum og vægi þeirra í nýju reiknilíkani þurfa ekki að fara saman í öllum atriðum á öllum fimm fræðasviðum skólans.

Umsögn HÍ er því þannig uppbyggð að fyrst eru rakin almenn atriði er snúa að stóru myndinni og hvernig nýtt reiknilíkan, í þeirri mynd sem það hefur verið kynnt, hefur áhrif á einstök fræðasvið. Síðan fylgja athugasemdir frá öllum fimm fræðasviðum HÍ, en rétt er að hafa í huga að hvert þeirra er eins og meðalháskóli á Íslandi að stærð og umfangi.

### A. Almennar athugasemdir og ábendingar

#### Hlutfall kennslu og rannsókna

Í reiknilíkaninu er lagt upp með að 60% fjárveitinga sé fyrir kennslu, 15% fyrir rannsóknir og 25% fyrir samfélagslegt hlutverk háskóla. Raunar eru í samfélagslega hlutanum 5% vegna kennsluauka og 5% vegna rannsóknarauka svo segja má að 65% séu vegna kennslu og 20% vegna rannsókna. Eftir því sem næst verður komist eru framlög vegna rannsókna almennt hærra hlutfall af fjárveitingu háskóla á Norðurlöndum en gert er ráð fyrir í reiknilíkaninu (**sjá t.d. *Grænbók um fjárveitingar til háskóla sem var gefin út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í des. 2019***). Í Danmörku og Finnlandi hefur rannsóknahlutinn verið á bilinu 34% til 55%. Af hálfu HÍ er talið mikilvægt að vægi rannsókna verði aukið í nýja reiknilíkaninu upp í 25-30% til að endurspegla þann mikla mun sem er á rannsóknaháskólum og kennsluháskólum, enda er óumdeilt að framlag háskólanna er mjög mismikið hvað rannsóknabáttinn varðar. Minnt er á hversu mikilvægt það er að hafa sterkt rannsóknaumhverfi í háskólum, m.a. til að laða að hæft starfsfólk.

#### Röðun greina í reikniflokka

Í reiknilíkaninu er lagt upp með röðun greina í fjóra reikniflokka sem er veruleg fækkun frá því sem verið hefur og í skýringum ráðuneytisins er þess getið að þar hafi m.a. ráðið aðföng, s.s. kennsluaðferðir, húsnaðisparfir, þörf á sérhæfðum búnaði sem og áherslur stjórnvalda. Röðun greina í reikniflokka er mjög viðkvæmt og umdeilt atriði, en í annars ágætri greinargerð með nýju reiknilíkani eru útskýringar um það af skorum skammti. Slíkt er til þess fallið að valda óánægju og tortryggni. Til dæmis er ekki ljóst hver er munurinn á kennsluaðferðum eftir reikniflokkum og húsnaðisþörf. Einnig er óljóst hvað átt er við með þörfum stjórnvalda. Mikilvægt er að röðun í reikniflokka byggji á gagnsæjum og málefnalegum forsendum og að hún sé samræmd, óháð því í hvaða skipulagseiningum einstakar námsleiðir eru staðsettar. Þannig verði t.d. klínísk kennsla að jafnaði í sama reikniflokki óháð því við hvaða háskóla eða fræðasvið kennslan á sér stað. Einnig bendir HÍ á hvort ekki sé ástæða til að endurskoða bilið á milli reikniflokka. HÍ hefur á undanförunum árum lyft greinum sem eru í neðsta reikniflokki upp um einn flokk í sínu innra deililíkani, enda er erfitt að halda uppi fullnægjandi kennsluháttum og tryggja gæði námsins með þeim fjármunum sem koma í gegnum núverandi reiknilíkan stjórnvalda.

#### Loknar einingar (LE) í stað þreyttra eininga (þE)

Það er útbreidd skoðun innan HÍ að notkun á loknum einingum (LE) í stað þreyttra eininga (þE), eins og gert er ráð fyrir í nýja reiknilíkaninu, feli í sér freistnivanda, þ.e. að hvatinn til að nemendur ljúki einstökum námskeiðum verði óeðlilega sterkur þrátt fyrir gott gæðakerfi kennslu. Ábending ráðuneytisins um að þetta fyrirkomulag sé algengt á hinum Norðurlöndunum á vissulega við rök að

styðjast, en mikilvægt er að hafa í huga að í þeim löndum er í langflestum tilfellum valið inn í námið og aðeins í boði takmarkaður fjöldi sæta í hverri námsgrein. Þetta á yfirleitt ekki við í íslenska kerfinu og sérstaklega ekki í HÍ sem er almennt án aðgangstakmarkana og hefur hingað til verið sáttt um það í íslensku samfélagi. Slík breyting kallar því óhjákvæmilega á umræðu um hvort taka ætti upp almenna aðgangsstýringu í íslenska háskólakerfinu, þ.m.t. hvaða afleiðingu það myndi hafa fyrir menntun almennt, menningu, nemendur og þar með samfélagið allt.

### **Deililíkan HÍ og áhrif reiknilíkansins á einstök fræðasvið**

Innan HÍ hefur í áranna rás verið þróað deililíkan sem notað er til að dreifa fjármunum innan skólans. Við undirbúning þessarar umsagnar voru reiknuð út áhrif þess að leggja til grundvallar breytta reikniflokka, auknar fjárhæðir fyrir útskriftir og LE í stað ÞE. Eins og vænta mátti kemur nýtt reiknilíkan best út fyrir Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið skólans. Hugvísindasvið kemur áberandi verst út og sýnu verr en Félagsvísindasvið, enda er Hugvísindasvið mjög greinaskipt og fjölmargar námsgreinar þar með fáa nemendur. Félagsvísindasvið er hvort tveggja með fámennar og fjölmennar námsleiðir. Greiðslur fyrir útskriftir geta þó að hluta bætt upp lágan reikniflokk námsgreina á Félagsvísindasviði og á Hugvísindasviði. Verkfræði- og náttúruvísindasvið er einnig með nokkuð af fámönnum greinum en hærri reikniflokkur kemur sviðinu í ögn skárri stöðu en fyrrnefnd tvö fræðasvið.

### **Fámennar greinar**

Í deililíkani HÍ er innbyggð jöfnun sem er beitt til að gefa tíma til aðlögunar og/eða komast í gegnum tímabundið ástand, s.s. sveiflur í nemendafjölda. Yfir lengri tíma jafnast slíkar aðgerðir út, en þegar svo er ekki er hætt við að litið verði svo á að tiltekna greinar séu fjárhagslega háðar öðrum sem er afar óheppilegt. Á þetta einkum við um fámennar greinar í lægsta reikniflokki sem eru margar við HÍ. Í flestum tilvikum er um að ræða greinar sem eingöngu eru kenndar við HÍ. Í nýju reiknilíkani er þessu alls ekki mætt með fullnægjandi hætti. Sýnir þetta ljóslega hvað reiknilíkan, sem eðli máls samkvæmt er fyrst og fremst fjárhagslegt stjórntæki, getur haft víðtæk menntapólitísk áhrif. Með því að stefna fámönnum greinum í rekstrarlega tvísýnu vakna áleitnar spurningar, s.s. hvaða nám (og tilheyrandi rannsóknir og þekkingaruppbygging) eigi að vera í boði hér á landi og hvaða nám ekki og hverjar séu sögulegar og menningarlegar skyldur stærsta háskóla landsins. Þá eru þess mörg dæmi að greinar sem um tíma eru fámennar reynast síðar ómissandi. Því er afar mikilvægt að tekið sé myndarlegar á þessu atriði í nýju reiknilíkani og skilgreindur grunnstuðningur vegna fámennra greina. Forsendur úthlutunar úr kennsluauka reiknilíkansins eru ekki ljósar en afar mikilvægt að þær séu rétt útfærðar.

Í umræðunni um fámennar greinar er almennt mikilvægt að hafa í huga að Ísland er í öllum samanburði fámenn land og því ekki unnt að byggja fjármögnun háskóla einkum á hagrænum sjónarmiðum heldur varðar það nú sem fyrr menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar að halda úti a.m.k. einum alhliða háskóla sem stenst alþjóðlegan samanburð.

### **Sí- og endurmenntun**

Varðandi afleiðingar áherslu á LE er einnig mikilvægt að horfa til sí- og endurmenntunarhlutverks háskóla sem almennt er talið sífellt mikilvægara. Við HÍ eru fjölmargir nemendur sem sækja stök eða nokkur námskeið í endurmenntunarskyni án þess að markmið þeirra sé endilega að útskrifast. Kennsla þessara nemenda er jafndýr og þeirra sem ljúka prófgráðu. Spyrja má hvort hugmyndin með hærri útskriftartekjum á kostnað lægri reikniflokka muni stýra slíkri endurmenntun í annan farveg, s.s. í gegnum endurmenntunarstofnanir. Alls ekki er sjálfgefið að það leiði til betri nýtingar fjármuna.

### **Háskólastarfsemi á landsbyggðinni**

Í 14. gr. reglnanna (Efling byggða) er sagt að eingöngu sé veitt úr þessum hluta til háskóla sem bjóða upp á staðnám. Háskóli Íslands hefur um árabil lagt áherslu á að rækja hlutverk sitt sem háskóli allra landsmanna með því að byggja upp fjölda rannsóknasetra um allt land, sem tengjast kennslu margra faggreina, með góðum áhrifum á nærsamfélag. Það er því sanngirnismál að útvíkka skilyrði fyrir fjármunum af þessum lið svo þau taki ekki síður til rannsóknastarfsemi en staðnáms.

## **Skiptinemar**

Á hverjum tíma eru fjölmargir skiptinemar við HÍ og ekki annað séð að óbreyttu en að þeim muni halda áfram að fjölga, m.a. vegna virkrar þátttöku HÍ í Aurora samstarfinu („European University Network“) og aukinnar áherslu á alþjóðlegt samstarf almennt. Mikilvægt er að reglur að baki nýju reiknilíkani taki betur á fjárframlögum vegna skiptinema.

## **Þjónusta við nemendur sem þurfa á sérúrræðum að halda**

Um árábil var reynt að fá stuðning frá stjórnvöldum vegna uppbyggingar á aðstöðu og þjónustu við nemendur sem þurfa á margvíslegum sérúrræðum að halda, en fjöldi þeirra hefur vaxið mjög á undanförunum árum. Er hér ekki aðeins um jafnréttismál að ræða heldur ekki síður lýðheilsumál. HÍ hefur hingað til að mestu leyti borið sjálfur kostnaðinn vegna þessarar þjónustu. Í þessu sambandi má benda á það fyrirkomulag sem hefur tíðkast í Svíþjóð þar sem kostnaður vegna sérúrræða var fjármagnaður úr sameiginlegum sjóði háskólanna í samræmi við aðstöðu og þjónustu í hverjum skóla. Afar æskilegt væri að innan nýs reiknilíkans væri svigrúm fyrir fjárhagsstuðning vegna þessa.

## **Rannsóknir**

Í þeim hluta nýja reiknilíkansins sem snýr að rannsóknum er lögð mest áhersla á notkun birtingatölfræði við mat á árangri. Tölfræðin er sótt í alþjóðlega gagnagrunna, SciVal og Scopus, og kemur réttilega fram í greinargerð að þeir ná misvel yfir birtingar á ólíkum fræðasviðum. Þetta eigi að leiðrétta með „vegnum áhrifastuðli“ tilvísana og sérstökum „rannsóknarauka“. Í greinargerðinni er hins vegar ekki fyllilega tekið tillit til þeirrar staðreyndar, sem er vel þekkt, að vandinn við gagnagrunnana snýst ekki einungis um misjafnt vægi tilvísana eftir fræðasviðum heldur einnig að gagnagrunnarnir sem um ræðir innihalda ekki stóran hluta alþjóðlegra tímarita í hug- og félagsvísindum og ýmsum öðrum greinum. Þessi skekkja verður ekki leiðrétt með „vegnum áhrifastuðli tilvísana“. Skekkjan í „dekkun“ gagnagrunnanna er líka tengd tungumálum birtinga þar sem tímarit sem gefin eru út á ensku hafa hlutfallslega miklu meiri dekkun en tímarit á öðrum tungumálum. Þar sem birtingar á tungumáli samfélagsins sem rannsóknirnar beinast að og fara fram í eru mikilvægur liður í að hafa samfélagsleg áhrif, stríðir þessi einhliða áhersla á alþjóðlega gagnagrunna birtinga gegn áherslum um samfélagsleg áhrif rannsókna og háskóla. Skekkjan sem af þessu hlýst verður ekki leiðrétt með „rannsóknarauka“ sem verði dreift „í samræmi við hlutföll framlags úr kennslu- og rannsóknarhluta.“

Annar liður í útreikningum framlaga til rannsókna er framlag á móti erlendum styrkjum. Erlendir styrkir hafa verið afar mikilvægir fyrir rannsóknir í heilbrigðisvísindum, náttúruvísindum og verkfræði þar sem rannsóknir á þessum sviðum eru mjög dýrar og því erfitt fyrir íslenska rannsóknarstyrki að standa undir stórum öflugum rannsóknum. Því er gríðarlega mikilvægt til að byggja upp slíkar rannsóknir að draga að erlent fé og því er vel að í reiknilíkaninu sé hvati til sóknar í slíka styrki. Þeir erlendu styrkir sem tekið verður mið af í nýja reiknilíkaninu eru hins vegar einungis úr áætluninum Horizon 2020 og Erasmus+ og því þörf á að stækka þennan hóp og miða þá við styrkupp hæð frekar en styrkveitanda.

## **Sýn HÍ á fjárframlög til samkeppnishæfs háskólakerfis**

Um árábil hefur verið beðið eftir endurskoðun á reiknilíkani fyrir fjárveitingar til háskóla. Því ber að fagna nýju reiknilíkani sem miðar að auknu gegnsæi og fyrirsjáanleika varðandi fjárframlög til háskóla hérlandis. Til þess að slíkt reiknilíkan beri tilætlaðan árangur er þó ekki síður mikilvægt og í raun algjörlega nauðsynlegt að styrkja rekstrargrunn háskólakerfisins svo fjárveitingar til háskóla hérlandis verði sambærilegar við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Þessi framtíðarsýn hefur verið skýrt mörkuð í stjórnarsáttmála undanfarinna ríkisstjórna. Áfangi á þessari leið var að ná svokölluðu OECD meðaltali heildartekna á ársnema á Íslandi. Sá áfangi náðist árið 2018. Hins vegar sýna tölur fyrir 2019 og sérstaklega 2020 að fjármögnun á Íslandi hefur á ný dregist aftur úr meðaltali OECD og stendur meðaltali Norðurlanda langt að baki. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni og ekki síður mikilvægt að snúa henni við en innleiðing á nýju reiknilíkani til að markmið um samkeppnishæft háskólakerfi náist.

F.h. Háskóla Íslands

Jón Atli Benediktsson,  
rektor Háskóla Íslands

## **B. Athugasemdir og ábendingar frá fræðasviðum HÍ**

### **Félagsvísindasvið**

Félagsvísindasvið (FVS) er sammála þeirri áherslu stjórnvalda sem kemur fram í nýju reiknilíkani, þ.e. að efla skuli háskólastarf á öllum fræðasviðum innlendra háskóla. Ýmislegt er enn óljóst í reiknilíkaninu og eins eru ýmsir gallar sem mikilvægt er að sníða af áður en það er innleitt að fullu. Mjög mikilvægt er að reiknilíkanið verði endurskoðað að lágmarki á fimm ára fresti til þess að það taki mið af hröðum breytingum í íslensku og erlendu þekkingarsamfélagi.

Áhersla í reiknilíkaninu á erlenda sjóðasókn og erlendar birtingar dregur fram mikilvægi þess að stórefla þarf rannsóknarinnviði félags- og hugvísinda, svo sem með virkri vísindasiðanefnd og breytingum á innlendum samkeppnissjóðum með það að markmiði að jafna stöðu fræðigreina við íslenska háskóla. Útvíkka þarf mælingar í birtingartölfræði rannsókna til að ná betur yfir ólíkar fræðigreinar og til þess að áratuga uppbygging íslensks rannsóknastarfs efli áfram íslenskt þekkingarsamfélag en verði ekki aðeins samtal innlands fræðafólks við erlent fræðafólk.

Reiknilíkan og þá sérstaklega kennsluhlutinn er enn magndrífinn, þar sem fjöldi nemenda sem ljúka prófi og brautskrást er forsenda þess að unnt sé að bjóða nám í fræðigreinum. Félagsvísindasvið telur að hlutfallið „Útskriftir (18%)“ sé síst of hátt og á sama tíma telur sviðið að einingaverðið fyrir útskrift ætti alls ekki að hlutfallast á sama hátt og reikniflokkarnir í kennslulíkaninu þar sem mikilvægi kándíats í samfélaginu eftir brautskráningu ákvarðast ekki af reikniflokki námsleiðar. Reiknilíkanið byggir enn á úreltum forsendum um eðli kennslu í hug- og félagsvísindum, forsendum um að kennsla fari best fram í afar fjölmönnum fyrirlestrasölum með einu stóru lokaprófi. Reiknilíkanið mun að óbreyttu takmarka mjög möguleika greina á FVS að halda áfram að þróa kennsluhætti til móts við breytt þekkingarsamfélag. Auk þess sem verðgildi lægsta reikniflokks er of lágt þá eru nokkrar námslínur á FVS rangt flokkaðar miðað við uppgefnar forsendur í reiknilíkani. Félagsvísindasvið gerir athugasemd við skipan námsgreina í reikniflokk A á þeim forsendum að eftirtaldar námsgreinar eru starfsnám sem fela í sér verklega kennslu og ættu þannig að flokkast í reikniflokk B miðað við forsendur reikniflokka: Náms- og starfsráðgjöf, hagfræði, blaða- og fréttamennska, bókasafns- og upplýsingafræði og safnafræði. Flest ef ekki allt nám á meistarastigi á FVS felur í sér notkun sérhæfðs búnaðar og eða einstaklingsbundið nám sem jafngildir starfsnámi. Félagsráðgjöf ætti að flokkast í reikniflokk C miðað við forsendur reikniflokka. Á FVS eru margar fámennar greinar sem ekki standa undir sér í reiknilíkani og hefur þurft að færa til fjármagn frá öðrum einingum sem takmarkar enn frekar þróun kennsluhátta í þeirri einingu.

### **Heilbrigðisvísindasvið**

Heilbrigðisvísindasvið telur að þetta nýja reiknilíkan sé almennt til mikilla bóta fyrir sviðið, en á því eru þó nokkrir annmarkar sem mikilvægt er að bæta úr.

Í fyrsta lagi þarf að hækka hlutfall rannsókna úr 15% í 25-30% til að vera í takt við aðra erlenda samkeppnis-rannsóknarháskóla eins og fram kemur að ofan. Stefna stjórnvalda er að gera háskóla samkeppnishæfa alþjóðlega og það næst helst með því að auka hlut rannsókna. Öflugar rannsóknir laða til háskólans sterka vísindamenn bæði erlenda og innlenda. Við fögnum því að greitt verði sérstaklega fyrir öflun stórra erlendra styrkja og þar með draga inn erlent fé til uppbyggingar rannsókna á Íslandi sem er gríðarlega mikilvægt. Hins vegar er of þröngt að einskorða þá við ákveðna erlenda styrki eins og Horizon 2020/Europe og Erasmus+. Eðlilegra væri að miða við styrkfjárhæð frekar en styrkveitendur.

Í öðru lagi og eins og fram kemur hér að ofan vantar skýrleika varðandi röðun í reikniflokka. Í því sambandi er bent á að nám í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og sjúkraþjálfunarfræðum er klínískt nám og sem slíkt bæði frekt á kennara og aðstöðu. Mikilvægt er að rétta hlut þessara greina m.t.t. röðunar í reikniflokka og færa úr reikniflokki C í D. Hjúkrunar- og ljósmóðurfræði hefur verið rekin með halla í langan tíma þrátt fyrir stóran nemendahóp og hefur hallinn verið leiðréttur með sértækum stuðningi

frá ráðuneytinu (74 m.kr.) og innan HÍ (110 m.kr.). Samkvæmt nýja reiknilíkaninu er staða hjúkrunar- og ljósmóðurfræði síst betri og langt frá því að vera sjálfbær, hvað þá að hún standi undir framtíðarfjölgun nema í Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild eins og ákall er um. Þess má geta að hlutfallið fjöldi nemenda pr. kennara árið 2022 var þó nokkuð yfir meðaltali HÍ bæði fyrir hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og sjúkrabjálfun sem endurspeglar rekstrarvanda þessara klínísku greina. Klínísk lyfjafræði og klínísk næringarfræði, sem hvor um sig telur fjóra nemendur í dag, ætti að sama skapi að vera færð úr reikniflokki C í D í nýju reiknilíkani. Í nýja reiknilíkaninu er sálfræði í reikniflokki B bæði í grunn- og framhaldsnámi. Um árábil hefur meistaranám í sálfræði verið fært upp um reikniflokk innan HÍ sem samsvarar reikniflokki C í nýja reiknilíkaninu á þeim forsendum að það byggir á sérhæfðum búnaði, starfsnámi og sérhæfðu húsnæði. Því er eðlilegt að færa meistaranám í sálfræði upp í reikniflokk C í nýja reiknilíkaninu til samræmis við sambærilegt nám í öðrum heilbrigðisgreinum.

Í þriðja lagi er tannlæknisfræði dýrasta nám innan HÍ og samkvæmt nýja reiknilíkaninu yrði Tannlæknadeild rekin með miklum halla þar sem kostnaður vegna hvers nemanda er mjög hár. Sökum smæðar deildarinnar og samfélagslega mikilvægs hlutverks er mikilvægt að tekið sé tillit til Tannlæknadeildar undir liðnum Sókn í þágu háskóla og samfélags.

### **Hugvísindasvið**

Hugvísindasvið (HUG) hefur nokkra sérstöðu í háskólasamfélaginu. Þar eru fámennar greinar fleiri en á öðrum fræðasviðum HÍ og á sviðinu eru að auki greinar sem ekki eru kenndar í öðrum háskólum landsins. Mikilvægt er að horft sé til sérstöðu HÍ sem þjóðskóla sem hefur ákveðnar sögulegar og menningarlegar skyldur gagnvart íslensku samfélagi. Ólíkt háskólum af svipaðri stærð í nágrannalöndunum hefur HÍ þannig ekki sama val um það hvaða greinar hann kennir. Óheppilegt er að sum fræðasvið þurfi „að lifa á öðrum greinum“ til að hafa rekstrarlegan grunn, þ.e. að það sem þær gera vel sé ekki metið í nýju reiknilíkani.

Áhersla á hinar svokölluðu STEAM-greinar í menntapólitískri umræðu hér á landi er skiljanleg og í takti við alþjóðlegar áherslur í menntamálum. HUG telur hins vegar að A-ið í STEAM fái ekki alltaf nægilega athygli. Af umræðunni hér á landi má ráða að A-ið í STEAM standi fyrir art, þ.e. listir í þröngum skilningi þess orðs (t.d. málalartist og tónlist) en ekki hinum víða skilningi, þ.e. the arts (s.s. liberal arts) þar sem skírskotað er til mikilvægis tungumála og gagnrýnnar hugsunar og mikilvægis sögulegrar þekkingar til að takast á við nútímann. Þetta eru allt grundvallaratriði í kennslu í hugvísindum.

- HUG telur mikla ástæðu til að minnka bil á milli reikniflokka enda er munur á milli kennsluhátta milli fræðigreina minni en reiknilíkanið gefur til kynna. Munur á reikniflokki A og B endurspeglar að nokkru leyti gamaldags viðhorf til hinna svokölluðu bóklegu greina þar sem gengið er út frá því að hugvísindi megi kenna með stöðluðum fyrirlestrum. Í námi í hugvísindum eru æfingatímar af ýmsu tagi nauðsynlegir auk þess sem einstaklingsbundin endurgjöf við skrifleg verkefni er mikilvæg en jafnframt tímafrek.
- Mikilvægt er að viðurkenna að kennsluháttum í tungumálagreinum, þ.m.t. íslensku sem annað mál, svipar til starfsnáms og að reikniflokkur endurspegli það (æfingatímar, einstaklingsbundin kennsla og sérhæfður tækjabúnaður).
- HUG leggur til að í greinum þar sem gert er ráð fyrir starfsnámi og listnámi færist upp um flokk. Guðfræði, djáknafræði, fornleifafræði, hagnýt ritstjórn og útgáfa, listfræði, ritlist, táknmálsfræði, ásamt hagnýtri menningarmiðlun.
- HUG leggur til að hlutur útskriftarpremiu minnki.

### **Menntavísindasvið**

Menntavísindasvið (MVS) gerir athugasemd við skipan neðangreindra námsgreina í reikniflokk A á þeim forsendum að þessar námsgreinar eru starfsnám sem felur í sér verklega kennslu. Neðangreindar námsgreinar ættu að flokkast í reikniflokk B miðað við forsendur reikniflokka:

Íþróttavísindi og þjálfun, Tímstunda- og félagsmálafræði, Kennslufræði f. iðnmeistara, Kennslufræði og skólastarf, Matsfræði, Mál og læsi, Menntastefnur og námsskrárfræði, Menntastjórnun og matsfræði, Menntun án aðgreiningar, Starfstengd leiðsögn og kennsluráðgjöf.

Þá kallar Starfstengt nám fyrir fólk með þroskahömlun á mun meiri stuðningsúrræði en hefðbundið háskólanám og ætti því að raðast í reikniflokk C. Huga þarf að fjármögnun slíks náms innan háskólastigsins og veita háskólum sem skipuleggja slíkt nám sérstakan stuðning.

MVS tekur undir áhyggjur sem tilgreindar eru um að miða fjármögnun kennslu við loknar einingar í stað þreyttra. Kennarar sviðsins leggja ríka áherslu á góðan stuðning og tengsl við fagfólk sem sækir einingabær námskeið, en óneitanlega er brottfall úr námskeiðum hærra en í háskólum sem taka skólagjöld. Stafar það ekki síst af því að háskólinn er opin og aðgengilegur sem er mikill kostur fyrir íslenskt samfélag. Þreyttar einingar taka mið af nemendafjölda sem skráður er í námskeið og skipulag kennslu hefur tekið mið af.

Ekki er tekið undir það viðhorf að brautskráningargreiðslur eigi að skala til samræmis við reikniflokk viðkomandi kennslu. Það er órökrétt þar sem reikniflokkar kennslu eiga að taka mið af kostnaði við kennslu, ekki samfélagslegt verðmæti námsins eða brautskráðra nemenda.

### **Verkfræði- og náttúruvísindasvið**

Verkfræði- og náttúruvísindasvið (VoN) er sammála áherslu stjórnvalda um að efla nám í STEM-greinum enda er það mikilvæg áhersla í flestum löndum sem stjórnvöld líta til við stefnumótun. Það veldur því miklum vonbrigðum að í þessari útfærslu líkansins sést ekki aukning fjármögnunar varðandi þessar námsgreinar. Þetta er ekki síst umhugsunarefni vegna samkeppnishæfni Íslands, en samkvæmt nýjustu tölum Alþjóðahugverkastofunnar situr Ísland í 87. sæti af 132 löndum þegar kemur að hlutfalli háskólanema sem útskrifast úr STEM-greinum, en fjöldi útskrifaðra úr STEM-greinum er talinn vera lykilþáttur í samkeppnishæfni þjóða. Ef stjórnvöldum er raunverulega alvara að breyta þessu er nauðsynlegt að setja aukið fjármagn í STEM-greinar.

VoN telur að einingaverð fyrir útskriftir ætti að hlutfallast á sama hátt og reikniflokkarnir í kennslulíkaninu. Að öðrum kosti munu háskólar freistast til að fjölga útskriftum nema í ódýrum námsgreinum á kostnað námsgreina þar sem raunkostnaður við að mennta nemendur er hærri. Í raun má með þessu segja að reikniflokkarnir séu teknir að talsverðu leyti úr sambandi þar sem hlutfall útskrifta (18%) er verulega hátt hlutfall af hlutfalli reikniflokka (42%).

VoN leggur áherslu á að hlutfall rannsókna verði verulega hærra en 15% til að viðhalda og efla rannsóknsumhverfi íslenskra háskóla. Þetta er í takt við stefnu stjórnvalda um að háskólakerfið verði samkeppnishæft alþjóðlega og hafi eitthvað að leggja fram til að geta verið með í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Þegar góðir erlendir nemendur vega og meta í hvaða háskóla þeir fari í framhaldsnám er rannsóknaaðstaða ekki síst ákvarðandi þáttur og getur leikið lykilhlutverk í að þeir ílendist hér eftir að námi lýkur. Á svipaðan hátt er þetta einnig mikilvægt til að hægt sé að laða að erlenda sérfræðinga í akademískar stöður, en þá horfir tilvonandi starfsfólk iðulega sérstaklega til gæða rannsóknsumhverfisins.